



Leikskólinn Holt



Skólanámskrá

Vakin er athygli á því að í flestum tilvikum er notað orðið **kennari yfir alla starfsmenn** leikskólans og er það gert til **að ítreka** það að **allir koma að námi** barnanna, hvort sem þeir eru faglærðir eða ófaglærðir.

Efnisyfirlit

Um leikskólann Holt	5
Aðalnámskrá leikskóla - skólanámskrá	6
Hlutverk leikskóla	7
Grunnpættir menntunar	8
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	9
Hugmyndafræðilegar áherslur	10
Leikur, nám og námsumhverfi	12
Kennarinn	13
Skapandi og samþætt leikskólastarf	15
Læsi og samskipti	16
Heilbrigði og vellíðan	17
Sjálfbærni og vísindi	18
Sköpun og menning	19
Leiðir í starfinu til að ná settum markmiðum	20
Sjálfsæfing – Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	22
Félagsfærni – Samfélagsleg ábyrgð og virkni	24
Heilbrigði – Heilbrigður lífsstíll og vellíðan	26
Læsi – Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi	28
Sköpun – Skapandi hugur og hönd	30
Mat á námi og velferð barna	33
Sérkennsla	34
Fjölskyldan og leikskólinn	35
Tengsl skólastiga	37
Samstarfsaðilar	38
Mat á leikskólastarfinu	39
Innra mat	39
Ytra mat	40
Lokaorð	40



Um leikskólann Holt

Leikskólinn Holt er einn af borgarreknu leikskólum Reykjavíkurborgar. Hann er í **tveim húsum** við Völvufell 7 og 9 í Breiðholti. Áður voru leikskólarnir Fellaborg og Völvuborg í þessum húsum en í ágúst 2010 voru þeir **sameinaðir í einn leikskóla**.

Í Völvufelli 7 eru eldri börnin til húsa og er það því kallað **Stóra – Holt**. Þar eru þrjár deildar sem heita **Sel, Bakki og Hóll**. Börnin eru á aldrinum **3 – 6 ára** og eru að jafnaði um 55 talsins.

Í Völvufelli 9 eru yngri börnin og er það hús kallað **Litla – Holt**. Þar eru einnig þrjár deildar og heita þær **Berg, Litla Fell og Stóra Fell**. Börnin eru á aldrinum **1 – 3 ára** og eru að jafnaði um 45 talsins.



Rekstur og stjórn leikskólans fellur undir **skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS)**. Sviðið starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ásamt reglugerðum er varða þau lög og samþykktum borgarráðs um sviðið. **Lögð er áhersla á sjálfstæði hvers leikskóla** til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra, börn og starfsfólk.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 ber nafnið „**Látum draumana rætast.**“ „Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.“ Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum: **félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði**. Þessir grundvallarþættir eru leiðarstefið í þessari skólanámskrá.



Aðalnámskrá leikskóla - skólanámskrá

Aðalnámskrá leikskóla var gefin út af Mennta- og menningamálaráðuneytinu í maí 2011. Hluti af aðalnámskránni er **sameiginlegur** fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og er í honum fjallað um **hlutverk aðalnámskrár, almenna menntun og mat og eftirlit**. Í kaflanum um almenna menntun eru meðal annars teknir fyrir **sex grunnþættir** sem eiga að **mynda kjarna menntastefnunnar fyrir öll skólastigin**, þeir eru: **læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun**. Hvert skólastig er síðan með sér hluta þar sem nánar er farið í inntak og viðfangsefni skólastarfsins í samræmi við aldur og þroska barna. Í **leikskóla á að sinna grunnþáttunum innan námssviða**, í grunnskóla innan námsgreina og í framhaldsskóla í námsáföngum.

Út frá lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámskrá og stefnumótandi samþykktum skóla- og frístundasviðs **ber hverjum leikskóla að móta sína skólanámskrá**. Í henni á að koma fram nánar hvernig uppeldis- og menntastarf er unnið, samskipti við börn, kennara, foreldra og samfélagið. Einnig á að fjalla um mat á leikskólastarfinu, **því tryggja á að réttindi barna séu virt** samkvæmt lögum um leikskóla.

Skólanámskrá Holts er **unnin undir forystu leikskólastjóra** og hófst sú vinna veturinn 2014 – 2015. **Allir kennarar** skólans komu að þeirri vinnu á einn eða annan hátt. Vinnan fór að mestu fram á skipulagsdögum, en einnig á deildarstjórafundum og deildarfundum.

Foreldrar voru hvattir til að skrá niður hugmyndir að því hvað þeir vildu að barn sitt lærði í leikskólanum og hvað væri mikilvægast.


Börnin teiknuðu myndir og spjölluðu við kennara sína um leikskólann, hvað þau læri þar, hvað sé skemmtilegast, hvað þau séu almennt að gera og hvernig leikskóli eigi að vera.



Hlutverk leikskóla

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og því upphaf formlegrar menntunar. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Áhersla er á gildi leiksins í námi barna, lýðræði og jafnrétti.

Leikskólinn Holt starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er þar meðal annars lögð áhersla á að nám barna fari fram í leik og skapandi starfi og að þau njóti fjölbreyttra uppeldiskosta.



„Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:

- a. fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,*
- b. veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,*
- c. hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,*
- d. stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,*
- e. leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,*
- f. rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.“*

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011



Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi í að þróa öflugt leikskólastarf í samvinnu við kennara, börn og foreldra. Hann ber jafnframt ábyrgð á rekstri og daglegri stjórnun leikskólans.

Leikskólakennarar og aðrir kennarar eiga að vera leiðandi í að móta leikskólastarfið. Þeir eru fyrirmyndir barna í starfi og samskiptum. Þeim ber að virða hvert barn og skapa því tækifæri til að þroskast og njóta bernsku sinnar.

Grunnpættir menntunar

„Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Grunnpættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og eru hluti af almennri menntun.

Grunnpættirnir eru sex og tengjast innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Þeir eiga rætur í gagnrýnni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Læsi

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“

Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar...“

Lýðræði og mannréttindi

„Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun. Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir vegg skóla engu síður en samstarfi í skóla. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna...“

Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum... að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.“

Heilbrigði og velferð

„Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi... Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.“

Sköpun

„Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar viddir þar sem sköpunargleði barna... getur notið sín. Hamingja og gleði liggur í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

„Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu... Jafnframt felst í honum viðurkenning á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi; þau eigi sín eigin réttindi – óháð réttindum fullorðinna.“

Af heimasíðu Umboðsmanns barna: <https://www.barn.is>

Grundvallarákvæði Barnasáttmálans eru eftirfarandi:

2.grein. Jafnræði – bann við mismunun

„Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.“

3.grein. Það sem barninu er fyrir bestu

„Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.“

6.grein. Réttur til lífs og þroska

„Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.“

12.grein. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

„Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“



Af heimasíðu Umboðsmanns barna: <https://www.barn.is>



Hugmyndafræðilegar áherslur

Holt er fjölmenningarlegur leikskóli sem leggur áhersu á að efla málþroska barna, félagslegan jöfnuð og vellíðan allra þeirra sem koma að leikskólastarfinu. Gildi leikskólans eru virðing, umhyggja og samvinna.



Líkt og margir íslenskir leikskólar byggir Holt hugmyndafræðilegar áherslur sínar á félagslegri hugsmíðahyggju en hún á rætur að rekja til heimspeki, sálarfræði, félagsfræði og kennslufræði. Hún er kennd við ýmsa fræðimenn eins og til dæmis John Dewey og Lev Vygotsky.

Félagsleg hugsmíðahyggja gengur út frá rannsóknum á mannum sem félagsveru og

hvernig nám á sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum manna á milli.

Félagsleg hugsmíðahyggja leggur áherslu á að:

- barnið sé **virkt í þekkingarleit** sinni og að það læri **betur í samvinnu** við aðra heldur en eitt og sér
- barnið **byggi nýja reynslu ofan á** þá þekkingu og reynslu sem það hefur fyrir
- barnið fái að gera verkefni sem eru **áþreifanleg** og **sköpun** þess njóti sín
- barnið geti **sýnt og kynnt** öðrum verkefni/sköpun sína
- verkefnin sem barnið er að kljást við sé í **samhengi við raunveruleikann**
- **námsumhverfið** sé auðugt, hvetjandi og opið
- **hlutverk kennarans** sé að **styðja, hvetja** og **leiðbeina** barninu bæði einstaklingslega og sem hluta af hóp, hann á að **skapa gott námsumhverfi** og vera **góð fyrirmynd**.



Leikskólinn Holt hefur **leitað í smiðju Pen Green miðstöðvarinnar** í Corby á Englandi. Kennararnir í Holti fóru í kynnisferð og heimsóttu Pen Green miðstöðina. Jafnframt sátu þeir námskeið og tóku þátt í margskonar fræðslu til að kynnst nánar starfseminni þar.


Pen Green miðstöðin veitir mjög **fjölbreytta þjónustu** og er ekki bara leikskóli heldur veitir allri **fjölskyldu barnsins stuðning**, bæði í skóla og heima. Foreldrar **fá góðar upplýsingar** og **fylgjast vel** með börnum sínum og eru **í raun þátttakendur** í námi þeirra. Fjölskyldan fær ekki eingöngu stuðning og fræðslu vegna náms barna heldur líka **heilbrigðis- og félagslegan stuðning**. Boðið er upp á margvíslegt hópastarf fyrir foreldra og markmiðið er að **efla þá og styrkja**. Þannig er leiðarljósið í öllu starfi Pen Green að verið sé að **tryggja sem best velferð barna**.



Stefna leikskólans Holts er að vera með öflugt starf sem **styrkir sjálfsmynd** barna, eflir **félagsfærni** þeirra og **heilbrigði**, ásamt því að stuðla að **læsi í víðum skilningi** og **sköpun**.



Áhersla Holts sem er **fjölmenningarlegur** leikskóli er að efla **málþroska** barna, **félagslegan jöfnuð** og **velliðan**.



Gildi Holts sem eiga að lita öll samskipti og starf leikskólans eru: **virðing**, **umhyggja** og **samvinna**.



Leiðarljósið í öllu starfi leikskólans Holts er að börnin séu **virk í þekkingarleit** sinni og **hlustað sé á raddir** þeirra.

Leikur, nám og námsumhverfi

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.“

Í Holti er leikurinn aðalnámsleið barna. Best er að koma til móts við þarfir allra barna í gegnum leik og einnig að efla mál þeirra og samskipti.

Börn á leikskólaaldri eru fljót að detta inn í leik við hvaða aðstæður sem er, enda er leikurinn þeim eðlislægur. Leikurinn er sjálfsprottinn og börn geta fundið leik í öllu og alls staðar. Í leik vinna börn úr reynslu sinni, prófa getu sína og gera tilraunir. Í leik getur allt gerst, hlutir lifna við, veruleikinn breytist og börn og leikfélagar fá ný hlutverk. Í leik læra börn meðal annars mikilvægi umhyggju, samvinnu og virðingar.



Eins og áður sagði þá er leikurinn aðalnámsleið barna og því rauði þráðurinn í öllu starfi leikskólans. Í skipulögðu starfi er verið að skapa aðstæður til að auka við reynslu og þekkingu barna. Þannig fá þau að gera tilraunir, skoða og rannsaka margskonar efnivið, bæði innan dýra og utan.



Námsumhverfið skiptir miklu máli í námi leikskólabarna og því þarf það að vera skipulagt út frá þroska, áhuga og reynslu þeirra barna sem dvelja þar á hverjum tíma. Markvisst á umhverfi leikskólans að endurspegla þá stefnu, áherslur og gildi sem starfað er eftir.

Nærumhverfið er hluti af námsumhverfi barna og á það bæði við um mannigert umhverfi og náttúruna í allri sinni mynd.

Leikur, nám og námsumhverfi tengist allt saman í starfi leikskólans og styður við hvert annað. Það er hlutverk kennarans að skapa tíma og rými fyrir leik, vera með efni í boði sem hvetur börnin áfram og vekur upp áhuga þeirra og skipuleggja umhverfið þannig að það efli sjálfstæði og ýti undir nám.

Kennarinn

„Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa,
- gefa leik nægan og samfelldan tíma,
- gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka,
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga,
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik,
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik,
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Kennarinn er í **lykilhlutverki** í öllu starfinu í Holti. Það er hans að skapa **gott námsumhverfi** sem hvetur börnin til að **skoða, kanna, rannsaka, gera tilraunir, finna lausnir og skapa.**



Kennarinn er **íslenskukennari** barnanna og **málfarsleg fyrirmynd**. Það er hans að **auðga málumhverfi** með því að eiga **samtal við hvert barn** á degi hverjum, **lesa bækur** með þeim og **setja orð** á það sem verið er að fást við hverju sinni. Kennarar sem **eru að læra íslensku** sýna gott fordæmi með því að **æfa sig** og eru **áhugasamir** um að læra málið.

Kennarinn er sá sem **hvetur, styður og leiðbeinir** börnunum bæði einstaklingslega og sem hluta af hóp, í öllum viðfangsefnum leikskólans. Þannig á kennarinn að **taka þátt í leik og námi** barna með **virkri viðveru**.

Kennarinn er stór þáttur af umhverfi barna þar sem hann er **fyrirmynd** þeirra og þarf því að **sýna gott fordæmi**. Börnin læra af kennaranum hvernig **koma á fram við aðra, ræða saman, leysa ágreining, ganga um og framkvæma**. Þannig eru **samskipti, samvinna og umgengni** kennarans stór **hluti af námi** barna.



Kennararnir í Holti settu niður **samskiptasáttmála** og unnu hann út frá **gildum leikskólans** sem eru **virðing, umhyggja** og **samvinna**. Sáttmálinn nær til **samskipta** sem **kennararnir hafa sín á milli** við börnin og foreldrana.

Virðing:

- við erum fyrirmyndir,
- allir eru jafnir,
- við heilsum og kveðjum,
- við hlustum,
- við tölum við hvert annað,
- við berum virðingu fyrir hvort öðru, starfsfólki, börnum og foreldrum,
- við tölum við hvort annað, ekki um hvort annað,
- við komum fram við hvort annað eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Umhyggja:

- við sýnum hlýju,
- við sýnum samkennd,
- við brosum og erum jákvæð,
- við tökum vel á móti öllum,
- við hrósum hvort öðru,
- við sýnum ábyrgð í öllu sem við gerum og segjum,
- öll börnin í leikskólanum eru á okkar ábyrgð, óháð deildum eða húsi.



Samvinna:

- við tölum saman,
- við leysum ágreining,
- við biðjum um aðstoð,
- við sýnum þolinmæði,
- við hjálpumst að,
- við vinnum öll saman,
- við minnum hvort annað á ef við gleymum okkur,
- við deilum verkefnum, nýtum mannauðinn.



Jafnframt settu kennarar Holts sér ákveðnar **starfsreglur** gagnvart börnunum.

Starfsreglur kennara gagnvart börnunum :

- við berum virðingu fyrir hverju barni,
- við sýnum börnunum umhyggju, hlýju og vinsemd,
- við vinnum á fræðilegum og faglegum grundvelli í uppeldisstarfinu,
- við vöndum málfar okkar og notum íslenskuna,
- við setjum orð á alla hluti og allar athafnir, í allri okkar vinnu með börnunum.

Skapandi og samþætt leikskólastarf

Börn **læra í leik** og **öllu daglegu starfi** leikskólans. Þau **læra í samvinnu** við önnur börn og kennara. Kennarinn **veitir stuðning, hvatningu** og **skapar aðstæður** sem eflir börnin í námi sínu.

Námssvið leikskólans eru: **læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning**. Námssviðin eiga að vera **samþætt og samofin** öllu starfi leikskólans og jafnframt að taka mið af **grunnþáttum menntunar, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leiðarljósum leikskóla**.

Í aðalnámskrá leikskóla segir að námssvið leikskólans eigi að:

- vera hluti af leik barna,
- vera samþætt daglegu starfi leikskóla,
- vera heildstæð og byggjast á reynslu barna,
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna,
- hvetja til samvinnu og samstarfs,
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana,
- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni,
- stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.



Leikskólastarf á að vera **lýðræðislegt** og byggja á **jafnrétti**. Litið er á börnin sem **virka þátttakendur** þar sem hvert og eitt fær tækifæri til að **leggja sitt af mörkum** og hafa **áhrif á umhverfi sitt** og nám .



Stefna leikskólans Holts, og þar með **aðalmarkmiðið**, er að vera með **öflugt starf** sem **styrkir sjálfsmynd** barna, **eflir félagsfærni** þeirra og **heilbrigði**, ásamt því að stuðla að **læsi** og **sköpun** í víðum skilningi. Markvisst er þessu markmiði **fléttað inn** í allt starfið og þar með öll námssviðin.



Læsi og samskipti

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“




Raddir foreldra:

„Lesi, skrifa og tala góða íslensku.“
„Læra að lesa og skrifa...og mikilvægast er að læra góða íslensku.“ „Þjálfar tal.“ „Orðaforða.“
„Endursegja sögur sem barn hefur heyrt áður.“ „Tengja saman hljóð og staf.“ „Tengja stafi saman.“ „Læra íslensku.“ „Stafrófið.“ „Syngja.“
„Læra stafina, hljóð þeirra og skrifa þá.“
„Kurtseisi og samskipti.“ „Læra orðin.“
„Mannasiði.“ „Félagsfærni.“

Raddir barna:

„Íslensku, pólsku, leika.“ „Við lærum góða íslensku.“ „Til að læra...fara í skóla...tala venjulega íslensku.“ „Leika.“ „Eitthvað mjög skemmtilegt eins og tala við kennara.“ „Stafina.“ „Tala íslensku.“ „Fara í bókasafnið.“ „Leika sér.“ „Að syngja.“ „Leika.“ „Lita og leika.“



Markmið Holts er varðar læsi og samskipti eru meðal annars að:

- styrkja sjálfsmynd barna með því að stuðla að því að þau eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti,
- efla félagsfærni barna með því að þau kynnist tungumálinu og möguleikum þess,
- stuðla að heilbrigði barna með því að þau tjái sig með fjölbreyttum hætti og geti deilt skoðunum sínum og hugmyndum,
- efla læsi í víðum skilningi með því að börn endurskapi upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- stuðla að sköpun þar sem börn njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.

Heilbrigði og vellíðan

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.“



Raddir foreldra:

„Mikilvægast að börnin séu hamingjusöm, borði góðan mat.“ „Málið er mikilvægast.“
„Læra íslensku til að geta átt samskipti við aðra.“ „Læri að vera með öðrum börnum.“
„Félagsfærni.“ „Eignast vini.“
„Þroskist líkamlega, andlega, tilfinningalega, félagslega og siðferðislega.“
„Líkamann, hvað er hollt og óhollt.“ „Vera góð og virða aðra.“

Raddir barna:

„Að leika bæði úti og inni.“ „Hjóla og moka.“ „Leika í púðum og hoppa.“ „Hoppa í sal.“ „Leika við krakka.“ „Fara í sal.“ „Gaman að fara í leikskólann.“ „Leika sér.“ „Til þess að hafa gaman.“ „Leika við vini sína.“ „Leika sér.“ „Borða mat og grænmeti.“ „Fara í fótbolta.“ „Bara leika.“ „Borða í leikskóla.“



Markmið Holts er varðar heilbrigði og vellíðan eru meðal annars að:

- styrkja sjálfsmynd barna með því að efla þau í persónulegri umhirðu,
- efla félagsfærni barna í gegnum jákvæð samskipti og félagsleg tengsl,
- stuðla að heilbrigði barna með hollri næringu og fjölbreyttri hreyfingu,
- efla læsi í viðum skilningi með ögrandi útivist þar sem börn kynnast umhverfi og náttúru,
- stuðla að sköpun barna þar sem þau fá að tjá tilfinningar sínar og upplifanir.

Sjálfbærni og vísindi

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélagi, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.“




Raddir foreldra:

„Læri að telja.“ „Stærðfræði – tölur, form.“
„Um umhverfið, jörðina, náttúruna.“
„Lönd heimsins – fjölbreytileika.“
„Telja – tölustafi.“ „+, - og =.“ „Virðingu.“
„Ganga vel um.“

Raddir barna:

„Ég er að gera pabbasól...út af því mér langar, ég elska pabbasól.“ „Læra að baka.“ „Leika.“ „Leika í lego.“ „Leika með dýr.“ „Leika meira í lego...stóra og litla.“ „Leika í iPad og róbót.“ „Bara að fá að leika.“ „Kenna krökkunum.“



Markmið Holts er varðar sjálfbærni og vísindi eru meðal annars að:

- **styrkja sjálfsmynd** barna með því að þau upplifi að góð umgengni og virðing fyrir náttúrunni og umhverfinu hefur jákvæð áhrif,
- **efla félagsfærni** barna í gegnum stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölum, táknum og mynstri,
- **stuðla að heilbrigði** barna með því að kynna fyrir þeim hvernig vistspor þeirra og nærumhverfi getur stuðlað að sjálfbærri þróun,
- **efla læsi í víðum skilningi** með því að börn kynnist hringrásum og fyrirbærum náttúrunnar, lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- **stuðla að sköpun** með því að börn upplifi náttúruna.

Sköpun og menning

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barn, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barni kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.“



Raddir foreldra:

„Dansa, teikna, syngja.“ „Læra íslensku.“ „Leika við önnur börn.“ „Bera virðingu fyrir fjölbreytileika.“

Raddir barna:

„Lita...af því við viljum það.“ „Ég er að leira...búa til snjókarl.“ „Við erum að renna, sjáðu fjólblár...rauður.“ „Perla, kassi, leika með litlar dúkkur, fara heim.“ „Leika.“ „Leika sér með dótið.“ „Leika með kalla, perla, púsla, perla og leika með litla kubba, perla og púsla.“ „Leika í stóru kubbum.“ „Að syngja.“ „Lita og leika.“ „Gaman að lita.“ „Leika.“ „Ég langar ekki að vera stór.“



Markmið Holts er varðar sköpun og menningu eru meðal annars að:

- **styrkja sjálfsmynd** barna með því að þau njóti þess að taka þátt í skapandi ferli og finni til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- **efla félagsfærni** barna með því að þau taki virkan þátt í að móta menningu skólans,
- **stuðla að heilbrigði** með því að börn hafi tækifæri til að njóta fjölbreyttrar menningar og lista,
- **efla læsi í víðum skilningi** barna með því að þau kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum, læri texta og taki þátt í söng,
- **stuðla að sköpun** með því að börn fái tækifæri til að skapa og tjá upplifanir sínar s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.

Leiðir í starfinu til að ná settum markmiðum

Nám barna fer fram í öllu starfi leikskólans og á það jafnt við um **frjálsan leik**, **skipulagt starf** sem og **daglegar athafnir**. Þau **læra í samvinnu** við önnur börn og kennara.

Virðing, **umhyggja** og **samvinna** eru gildin sem lita öll samskipti og starf leikskólans. Borin er **virðing** fyrir hverjum einstaklingi enda er leikskólinn fyrir alla óháð uppruna, þjóðerni, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, kyns, fötlunar eða annarrar stöðu. **Umhyggja** litar öll samskipti og felur meðal annars í sér að kennarar eru til staðar fyrir börnin, hlusta á þarfir þeirra og langanir og veita þeim athygli með því að hlusta á hvert barn. Starf leikskólans byggir á því að góð og gefandi **samvinna** einkenni samskiptin. Samvinnan byggir meðal annars á því að unnið er saman að settum markmiðum, skoðanaskipti eiga sér stað og leitað er lausna í sameiningu.

Leikskólinn Holt er **fjölmenningarlegur leikskóli** og er sérstök áhersla á að **efla málþroska** barna, **félagslegan jöfnuð** og **velliðan**. Árið 2012 fór af stað verkefnið **Okkar mál** sem er samstarf um

menningu, mál og læsi í Fellahverfi. Eitt af meginmarkmiðum þess verkefnis er að **auka samstarf** skóla í Fellahverfi og stofnana Breiðholts með það að leiðarljósi að **efla félagslegan jöfnuð**, **námsárangur** og **velliðan** barnanna í hverfinu. Verkefni þetta hefur haldið áfram að þróast og eflast og er enn í gangi.

Sérstakt átak hefur verið undanfarin ár á **virku tvítyngi** og er þá verið að leggja áherslu á að **barnið noti þau tungumál** sem eru í umhverfi þess sér til **gagns**, **gleði** og **náms**.

Virkt tvítyngi er mikilvæg undirstaða þess að efla **jákvæða sjálfsmynd**, að ná **góðum námsárangri** og að taka **virkan þátt** í samfélaginu.

Samstarf er við **talmeinafræðinga** sem leiða átaksverkefni í málörvun innan leikskólanna Holts og Aspar sem báðir eru í Fellahverfi.

Okkar mál
Samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi

Meginmarkmið verkefnis

- að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og velliðan barna í hverfinu
- að auka samstarf milli leikskólans Aspar, leikskólans Holts, Fellaskóla og frístundaheimilisins Vinafells í Fellaskóla
- að efla samstarf skóla- og frístundastarfs við þjónustumiðstöð Breiðholts með velferð barna og fjölskyldna að leiðarljósi
- að nýta tækifæri sem felast í samstarfi við stofnanir í narsamfélaginu s.s. Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Borgar-bókasafn, heilsugæslu, íþróttafélög og önnur félagasamtök
- að efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla
- að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á málöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi
- að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluáðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms
- að afkrastri verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af

www.tungumalatorg.is/okkarmal

Reykjavíkurborg

Lögð er sérstök áhersla á **málfarslegt umhverfi** í leikskólanum. Málörvun fer fram í öllu starfi með sérstaka áherslu á **orðaforða, frásagnir og hljóðkerfisvitund**.

Í daglegum athöfnum í leikskólanum, fer fram mikið nám. Börnin eru að efla **sjálfstæði** sitt með því að ná tökum á að gera sjálf. Þau þjálfast **félagslega** með því að hjálpa hvort öðru, taka tillit til hvors annars og sýna kurteisi. Þau efla heilbrigði með því að kynnast hollum mat, mikilvægi hvíldar og hreinlætis og að klæða sig eftir veðri. Mikið er rætt og spjallað í daglegu athöfnum, sett eru orð á athafnir, hluti og tilfinningar og þar með eflist **læsi í viðum skilningi**. Börnin efla **sköpun** með því að glíma við mismunandi viðfangsefni og finna lausnir í gegnum uppgötvanir og tilraunir, forvitni og áhuga, við að ná færni í daglegum athöfnum.



Samverustundir eru á hverjum degi inni á öllum deildum og eru þær skipulagðar út frá aldri og samsetningu barnahópsins. Bækur eru lesnar, sagðar eru sögur, vísur, þulur, farið í margskonar hópleiki og rætt um daginn og veginn.

Málörvunarhópar eru markvisst á hverjum degi og eru þeir skipulagðir í samráði við talmeinafræðinga. Einnig er lögð sérstök áhersla á málörvun í öllu starfi leikskólans.

Leikurinn er aðalnámsleið barna og er hann undirbyggjandi í öllu starfi leikskólans hvort heldur er í daglegum athöfnum, samverustundum, málörvun, skipulögðu starfi, útiveru eða vettvangsferðum.

Í **skipulögðu starfi** svo sem hópastarfi og vettvangsferðum er markvisst unnið með verkefni sem kveikja áhuga og forvitni barnanna. Þannig er reynsluheimur þeirra auðgaður og stuðlað að félagslegum jöfnuði.

Kennarinn er í lykilhlutverki, hann á að taka **virkan þátt** í öllu starfi með börnunum. Það felst meðal annars í því að **ræða við** börnin og spyrja **opinna spurninga**. Vera **til staðar** og **taka þátt** í viðfangsefnum barnanna. Jafnframt þarf kennarinn að vera vakandi fyrir því að **umhverfi** leikskólans sé **hvetjandi** og **efli sjálfstæði** barnanna meðal annars með því að leikefni og annar efniviður sé aðgengilegur.



Sjálfssefning – Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 segir m.a.: „Sjálfssefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfssefning byggir á sjálfsaga og þrautsegju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.“

Markmið Holts er meðal annars að **styrkja sjálfsmynd** barna með því að:

- stuðla að því að þau eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti (læsi og samskipti)
- efla þau í persónulegri umhirðu (heilbrigði og vellíðan)
- þau upplifi að góð umgengni og virðing fyrir náttúrunni og umhverfi hefur jákvæð áhrif (sjálfbærni og vísindi)
- þau njóti þess að taka þátt í skapandi ferli og finni til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti (sköpun og menning)

Nokkur dæmi úr starfinu:

Í daglegum athöfnum er markvisst ýtt undir að börnin **læri að gera sjálf** hvort heldur er að sinna persónulegri umhirðu, klæða sig, borða sjálf, skammta sér matinn o.s.frv.



Kennararnir eru í lykilhlutverki með að sýna í verki **jákvæð og uppbyggileg samskipti** með því að eiga þannig samskipti sín á milli. Börnin eru hvött til að **tala hvort við annað og sýna kurteisi og virðingu**.

Lögð er áhersla á að **ganga vel um** í leikskólanum og í vettvangsferðum. Rætt er um hvaða áhrif við getum haft með því að ganga vel um. Börnin taka **virkan þátt** í að halda umhverfinu snyrtilegu.

Gefðu tíu er markvisst notað til að auka samtal og samskipti. Þannig upplifir barnið að það tilheyrir hópnum og eflist í trú á eigin getu.



Efniviður er aðgengilegur þannig að börnin **geta sjálf valið** sér það sem þau ætla að nýta í leik og starfi.

Tilfinningaspjald með myndum af mismunandi tilfinningum er uppi á vegg. Þegar börn mæta í leikskólann þá setja þau klemmu með nafninu sínu, á þá mynd sem lýsir best hvernig þeim líður. Þessar tilfinningar eru síðan ræddar og þannig læra börnin að **setja orð á tilfinningar**

Kennarinn er til staðar fyrir börnin, hann hlustar, á samtal, virðir sjónarmið, kemur til móts við áhugasvið, hrósar og hvetur til dádá.

Börnin eru hvött til **að koma fram fyrir hópinn** og syngja eða segja sögur frá sjálfum sér. Á eldri deildum standa þau upp og kynna sig, fjölskyldu sína, áhugamál o.fl. fyrir hópnum. Einnig taka þau þátt í að sýna leikrit.



Elsti árgangur leikskólans fer í Tónskóla Sigursveins, þar sem þau æfa lög. Þau fá að kynna og prófa hljóðfæri undir handleiðslu eldri nemenda Tónskólans. Í apríl ár hvert **taka þau síðan þátt í fjöldasöng leikskólabarna í Hörpu á Barnamenningarhátíðinni.**

Stjarna vikunnar er hlutverk sem hvert barn fær og stendur yfir í viku í senn. Á mánudegi er barni tilkynnt að það sé stjarna vikunnar. Á þriðjudegi kemur það með myndir af sér og fjölskyldu sinni. Á miðvikudegi er foreldrum eða öðrum úr fjölskyldunni boðið í morgunmat í leikskólanum. Á fimmtudegi má barnið koma með hlut eða leikfang að heiman sem því þykir vænt um. Á föstudegi má barnið koma með uppáhalds bókina sína. Á hverjum degi vikunnar er barnið að segja frá og kynna sig og sína.



Efniviðurinn í leikskólanum er **út frá áhuga og reynslu** barnanna í gegnum tíðina. Kubbar af allskonar gerðum og stærðum eru vinsælir. Þar er sköpunargleðin mikil og börnin **eru stolt af sinni** byggingu eða persónum sem þau hafa skapað úr kubbum.

Börnin eru hvött til að **tjá sig um málefni sem snúast um starfið í leikskólanum** og hafa þannig áhrif á að móta það. Meðal annars hefur komið fram að þau vilji læra íslensku og er mikil áhersla á að tala íslenskt mál í leikskólanum. Jafnframt taka þau þátt í að endurmeta starfið að vori.

Börnin skiptast á að vera í **mismunandi ábyrgðar hlutverki**. Þannig læra þau að bera ábyrgð á að vera:

- Umsjónarmaður sér um að leggja á borð, setja upp hvaða dagur og mánuður er, kannar veðurfar og hvaða fatnað á þá að fara í þegar farið er út
- Teljari telur hvað eru mörg börn mætt og fer ásamt umsjónarmanni og tilkynnir matráði hve margir verða í mat
- Bókabjónn sér um að bækur séu ekki út um allt og tekur þær saman
- Sópari sér um að allt sé snyrtilegt
- Þvottabjónn aðstoðar við að fara með óhreinan þvott í þvottahúsið
- Huggari sér um að aðstoða við að hugga þá sem líður illa
- Ávaxtastjóri gefur öllum ávaxtabita í ávaxtastund

Félagsfærni – Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 segir m.a.: „Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.“

Markmið Holts er meðal annars að **efla félagsfærni** barna:

- með því að þau kynnist tungumálinu og möguleikum þess (læsi og samskipti)
- í gegnum jákvæð samskipti og félagsleg tengsl (heilbrigði og vellíðan)
- í gegnum stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölum, táknum og mynstri (sjálfbærni og vísindi)
- með því að þau taki virkan þátt í að móta menningu skólans (sköpun og menning)

Nokkur dæmi úr starfinu:

Í daglegum athöfnum eru börnin hvött til að **hjálpa hvort öðru, vera kurteis og sýna tillitssemi**.



Kennararnir eru í lykilhlutverki með að sýna í verki hvernig við **komum fram við hvert annað, vinnum saman** sem góðir félagar og **notum tungumálið** til að tala saman á jákvæðan og uppbyggilegan máta.

Börnin leika sér saman í stórum og litlum hópum. **Frjáls leikur** er í hávegum hafður. Kennarinn **er til staðar** og leiðbeinir börnunum þegar það á við.

Unnið er markvisst með **hópefli** í gegnum leiki þar sem áhersla er á samvinnu og að farið sé eftir reglum.


Tilfinningaspjaldið er góður útgangspunktur til að ræða tilfinningar og hvernig hægt er að lesa tilfinningar úr andliti annarra. Með þannig samræðum er m.a. verið að **efla samkennd** barna.

Í gegnum verkefnið **Stjarna vikunnar** þjálfast barnið í að segja frá sér og sínu. Barnahópurinn sem **hlustar á** frásögn barnsins lærir **að bera virðingu** fyrir ólíkum skoðunum og upplifunum. Jafnframt kynnast þau ólíkri heimamenningu í gegnum þessar örkynningar.

Börnin skiptast á að **sinna mismunandi hlutverkum** í leikskólanum og eflast þannig félagslega. Þau skiptast á að velja lag til að syngja, bók til að lesa, stjórna í leikjum, vera spilastjórar (sbr. bingóstjóri), veðurfræðingar o.m.fl.

Félagsfærni þroskast með þátttöku í **virku lýðræðislegu samstarfi**. Í Holti er lögð áhersla á að börnin taki virkan þátt í samræðum um ýmis málefni sem tengjast leikskólalífinu. Þau læra þannig að hlusta hvert á annað, skiptast á skoðunum og sýna hvort öðru **virðingu**. Jafnframt er lögð áhersla á að börnin læri að vinna saman að ákveðnum verkefnum og aðstoða hvert annað. Þannig er **samvinnan** stór hluti af námi barna. Í gegnum daginn skapast oft góðar samræður (með aðstoð kennarans) um líðan barnsins og hvernig hægt sé að leysa málin. Börnin læra að setja sig í spor annarra og sjá hlutina út frá ólíkum sjónarhornum. **Umhyggja og samkennd** er þá ekki langt undan.

Í Holti er fjölbreytt úrval af allskonar kubbum. Kubbar eru það viðfangsefni sem börnin sækja í. Margskonar stærðfræðileg viðfangsefni tengjast kubbunum; tölur, form og margskonar mynstur. **Börnin leika sér saman, spjalla, telja, skapa og blómstra.**



Ákveðnar hefðir og hátíðir hafa fest sig í sessi í leikskólanum sem börnin **taka virkan þátt** í að undirbúa. Barnahópurinn sem dvelur í leikskólanum hverju sinni er mismunandi, hann hefur áhrif beint og óbeint á menningu skólans.

Vinátta er mikilvæg, það vilja allir **eiga vini** og enginn vill vera skilinn útundan. Kennararnir grípa inn í aðstæður ef eitthvert barnið fær ekki að vera með í leik. Oft er best að kennarinn taki þátt í leiknum á forsendum barnanna og fær viðkomandi barn með sér í leikinn. Í framhaldi er síðan kjörið að spjalla um vináttuna og að vera skilinn útundan í samverustund þannig að börnin setji sig í þau spor og finni lausnina.

Börnin læra um endurvinnslu og nýtni þar sem þau taka **virkan þátt** í að flokka það sem fellur frá. Sumt er hægt að endurnýta í leikskólanum, en annað fer í endurvinnslutunnurnar.



Vettvangsferðir eru hluti af námi barnanna. Hópurinn fer þá saman um nánasta umhverfi leikskólans og vinnur ákveðin verkefni sem geta verið könnunarleiðangur, efnissöfnun, bókasafnsferð eða að njóta þess að ganga í góðum félagsskap, svo eitthvað sé nefnt.



Heilbrigði – Heilbrigður lífsstíll og vellíðan

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 segir m.a.: „Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.“

Markmið Holts er meðal annars að **stuðla að heilbrigði** barna:

- með því að þau tjái sig með fjölbreyttum hætti og geti deilt skoðunum sínum og hugmyndum (læsi og samskipti)
- með hollri næringu og fjölbreyttri hreyfingu (heilbrigði og vellíðan)
- með því að kynna fyrir þeim hvernig vistspor þeirra og nærumhverfi getur stuðlað að sjálfbærri þróun (sjálfbærni og vísindi)
- með því að börn hafi tækifæri til að njóta fjölbreyttrar menningar og listir (sköpun og menning)

Nokkur dæmi úr starfinu:

Í daglegum athöfnum eru **umræður** skapaðar um **heilbrigði, hollustu og hreinlæti**.

Lögð er áhersla á **hollan og næringarríkan mat**. Ávextir eru í boði daglega.

Tannvernd er hluti af námi barna og markviss fræðsla þar sem unnið er með efni frá Lýðheilsustöð. Eftir hádegismat eru öll börn tannburstuð.

Hreyfing er mikilvæg. Farið er í margskonar hreyfileiki með börnunum. Skipulögð hreyfing fer fram reglulega í sal leikskólans.



Kennararnir **sýna í verki** hvað felst í heilbrigðum lífsháttum svo sem hreyfingu, hollu mataræði, hreinlæti, ánægju, gleði, virðingu og vináttu.

Hvert barn á sinn **vatnsbrúsa** sem það getur gengið í að vild. Lögð er áhersla á að vatnsdrykkja geri líkamanum gott.

Útivera er stór þáttur í starfinu og er lögð áhersla á að börnin fari út daglega.



Börnin eru hvött til að **koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri**. Markvisst er kennarinn að spyrja **opinna spurninga** til að opna samræður í aðstæðum hér og nú. Samverustundir eru einnig vel nýttar til skoðanaskipta.

Í öllu starfi er lögð áhersla á að börnin hafi tíma og rými til að hjálpa sér sjálf, t.d. að þvo hendur, skammta sér mat á diskinn, klæða sig, leika við félagana eða hvíla sig.

Boðið er upp á hvíld á hverjum degi. Misjafnt er eftir aldri hvort börnin sofni eða slaki aðeins á í erli dagsins.

Kennararnir fylgjast með **andlegri, félagslegri og líkamlegri velliðan** barnanna og bregðast strax við ef á þarf að halda.

Vinátta er mikilvæg öllum. Ýmis verkefni eru unnin um vináttuna, bækur lesnar, spjallað og leikið.



Öll börn taka þátt í **málörvunarhópum**, þar sem markvisst er verið að örva og æfa íslenskt mál.



Börnin taka **virkan þátt** í að móta menningu skólans. Jafnframt **kynnast þau og taka þátt** í listviðburðum og annarri menningu.

Leikskólinn Holt er að taka fyrstu skrefin í Heilsueflandi leikskóli – velliðan fyrir alla.

Einn þáttur í heilbrigðum lífsstíl er að vera meðvitaður um **vistspor sitt**. Hvað er vistspor? Hvernig getur vistspor haft áhrif á sjálfbæra þróun? Þessari umræðu er fléttað inn í flokkun og endurvinnslu, umgengni og nýtni, gönguferð um nærumhverfið og vettvangsferðir.



Virðing, umhyggja og samvinna eru gildi leikskólans. Kennararnir eru fyrirmyndirnar í að tileinka sér gildin. Þeir hvetja börnin til að sýna jákvæða og ábyrga hegðun, virða mörk annarra, hjálpast að og vinna saman.



Læsi – þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 segir m.a.: „Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnni hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.“

Markmið Holts er meðal annars að **efla læsi í víðum skilningi**:

- með því að börn endurskapi upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi (læsi og samskipti)
- með ögrandi útivist þar sem börnin kynnast umhverfi og náttúru (heilbrigði og vellíðan)
- með því að börn kynnist hringrásum og fyrirbærum náttúrunnar, lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra (sjálfbærni og vísindi)
- með því að börn kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum, læri texta og taki þátt í söng (sköpun og menning)

Nokkur dæmi úr starfinu:

Í daglegum athöfnum eru kennarar meðvitaðir um að setja orð á athafnir og nota **gæða málörvun í samræðum** með börnum.



Kennararnir eru **málfyrirmyndir** barnanna.

Inn á deildum eru **bókstafir, orð, tölustafir, tákn, form og myndir** upp á veggjum í hæð barnanna. **Myndrænt dagskipulag** og **merkingar** eru einnig í hæð barnanna.

Gott **aðgengi er að bókum**. Bækur eru valdar með gagnrýnu hugarfari. Þær þurfa að uppfylla ákveðin gæði, fjölbreytni, jafnrétti, menningu og höfða til barna.

Börnin eru hvött til að segja sögur eða **endursegja sögu** sem þau hafa heyrt. Stundum sýna þau leikrit út frá sögu sem búið er að vinna með.



Börnin eru hvött til að **segja frá upplifunum sínum og reynslu**. Eitt verkefni sem er tengt því er Bangsinn heim, en börnin segja frá hvað þau gerðu með bangsanum heima. Í samverustund er oft spjallað um daginn og veginn og þá meðal annars hvað börnin gerðu í hópastarfi, heima með foreldrunum, í útiveru o.s.frv.

Í **frjálsum leik** gefst börnum tækifæri til að túlka og leika sér með það sem þau hafa upplifað. Vettvangsferð, sögulestur, hópavinna þar sem verið er að rannsaka út frá áhuga barnanna og aðrar upptökur lita reynslu barna sem skilar sér í leik þeirra.

Útivera er yfirleitt á hverjum degi allan ársins hring og kynnast börnin því fjölbreytta veðri sem Ísland býður upp á.

Í **hópastarfi** er unnið með margskonar efni til að auðga reynsluheim barna. Oft er fléttað saman lestri bóka, vettvangsferðum, söng, tilraunum og skráningu barnanna, þar sem þau teikna upplifun sína, segja frá og leika.

Öll börnin eru í **málörvunarhóp**, þar sem markvisst er verið að æfa hljóðkerfisvitund, auðga orðaforðann og ýta undir að börnin tjái sig á íslensku.

Þegar börnin mæta í leikskólann þá eru þau hvött til að setja nafnið sitt (sem er á klemmu) við þá mynd sem lýsir best hvernig þeim líður. Þetta er **Tilfinningaspjaldið**. Síðan þegar allir eru mættir þá er sest niður og spjallað um tilfinningarnar, hvernig svipurinn er og líðanin. Þannig læra börnin að verða **tilfinningalæs** á sig og aðra.

Nærumhverfi leikskólans er kannað og þá þarf að fara eftir **umferðareglum** og passa upp á hvort annað. Börnin eru virðing fyrir umhverfinu og gengið vel um, jafnvel týnt upp það rusl sem á vegi þeirra verður og það sett í ruslatunnurnar.

Börnin fara í **heimsókn í Gerðuberg** og fara á bókasafnið bæði til að fá lánaðar bækur og sitja í sögustund.

Börnin kynnast **árstíðunum** í útiverunni, hvort heldur er á lóð leikskólans eða í vettvangsferðum um nærumhverfið. Þau upplifa hvernig **náttúran breytist** með því að fylgjast með **gróðrinum, skordýrunum og fuglunum**. Í samræðum við hvort annað og kennarana þá læra þau að lesa í það hvað má og hvað má ekki, hvað á heima í náttúrunni og hvað ekki.

Á hverjum degi er sungið í leikskólanum og læra börnin marga **söngtexta** á. Farið er með **pulur** og markvisst er verið að **leika sér með málið**.

Þó nokkuð er **unnið með ritmálið** og meðal annars merkja börnin sig inn þegar þau mæta í leikskólann. Yngri börnin finna nafnið sitt og setja í póstkassa en þau eldri æfa sig í að skrifa nafnið sitt sjálf.

Spjaldtölvur eru í boði og eru margskonar smáforrit í þeim sem meðal annars eru nýtt til málörvunar.

Læsisáætlun Holts er til staðar og þar er meðal annars lögð áhersla á að öll börn nái tökum á íslenskri tungu hvort sem börnin eru að læra eitt eða fleiri tungumál samhliða.



Sköpun – Skapandi hugur og hönd

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 segir m.a.: „Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.“

Markmið Holts er meðal annars að **stuðla að sköpun**:

- þar sem börn njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð og ævintýri (læsi og samskipti)
- barna þar sem þau fá að tjá tilfinningar sínar og upplifanir (heilbrigði og vellíðan)
- með því að börn upplifi náttúruna (sjálfbærni og vísindi)
- með því að börn fái tækifæri til að skapa og tjá upplifanir sínar, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu (sköpun og menning)

Nokkur dæmi úr starfinu:

Í daglegum athöfnum er **leikið með málið**, sagðar sögur, sungið og farið með þulur. Oftast er þetta tengt því sem verið er að fást við, t.d. matarvísa við matborðið, Fingrapulan þegar verið er að klæða í fingravettlinga.

Kennararnir lesa bækur og segja sögu þannig að þeir **leika með röddina, svipbrigði og líkamstjáningu**.

Búningar, hljóðfæri og teppi eru í boði bæði til að **leika sér** með og til að setja upp **leiksýningu**.

Í hópastarfi og frjálsum leik **túlka börnin upplifanir** sínar í myndsköpun, dansi, leikrænni tjáningu, söng, frásögnum og samleik.

Kennararnir **skapa aðstæður og upplifanir**. Sýna gott fordæmi með jákvæðum samskiptum sem einkennast af leik og gleði.

Börnin eru hvött til að **semja sögur, ævintýri og ljóð**.

Gott aðgengi er að **opnum efnivið**, s.s. litum, blöðum, verðlausu efni, efnivið úr náttúrunni og kubbum.

Börnin hafa unun af því að **dansa við tónlist** og er það í boði þegar þau vilja. Einnig er dansinn oft tengdur ákveðnum hátíðum eins og t.d. á öskudeginum.

Upp á veggjum leikskólans eru **myndverk** eftir börnin.



Vettvangsferðir út í náttúruna og á söfn eða aðrar menningarstofnanir eru markvisst nýttar til að skoða, kanna og fá innblástur.

Börnin eru **virkt í að skipuleggja** hátíðir sem haldnar eru í leikskólanum.

Frjálsi leikurinn er í hávegum hafður og fær bæði tíma og rými. Í frjálsum leik skapa börn heilu ævintýraheimana, vinna úr reynslu sinni og tjá upplifanir.

Á **Barnamenningarhátíðinni** setja börnin upp **myndlistasýningu** í Gerðubergi. Elsti árgangurinn tekur einnig þátt í **samsöng leikskólabarna í Hörpunni** undir handleiðslu Tónskóla Sigursveins.

Þegar börnin eru **Stjarna vikunnar** þá kemur það með myndir af fjölskyldu sinni, hlut eða leikfang sem því þykir vænt um og uppáhalds bókina sína, þannig kynnir það **heimamenningu** sína fyrir hinum börnunum.

Börnin **fara út** í hvaða veðri sem er og njóta þess að leika sér og **skapa ævintýraheima** í sandinn, snjóinn, drullupollinn eða moldina. Inn á milli trjáanna eða á túninu, hvar sem er. Þau eru fljót að detta inn í leik.

Ljósmyndir eru teknar í starfi með börnum. Þær eru skoðaðar og skapast þá oft góðar umræður meðal barnanna um myndefnið.

Kennarinn hvetur börnin til **skapandi og gagnrýnnar hugsunar** með því að nota **opnar spurningar**: hvað, hvernig, hversvegna, af hverju...





Mat á námi og velferð barna

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðið og til þess gert að efla hvert barn.“

Læsi og samskipti

„Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsamlegan hátt,
- vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti (líkamlega, munnlega og í skapandi starfi),
- leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum stafa,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- ræða málefni og hlusta á aðra,
- nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu annarra þjóða.“

Úr þemahefti um námsmat í leikskólum

Heilbrigði og vellíðan

„Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- sýna umhyggju,
- sjá um persónulega umhirðu,
- þekkja holla næringu,
- stunda fjölbreytta hreyfingu,
- stunda ögrandi og krefjandi útivist,
- stunda slökun og hvíld,
- sýna tilfinningalegt jafnvægi,
- eiga jákvæð samskipti,
- njóta félagslegra tengsla.“

Sjálfbærni og vísindi

„Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- velta vöngum yfir umgengni sinni og bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- skilja hringrásir og ýmis fyrirbæri í náttúrunni,
- velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar,
- vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga,
- vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölur, tákn og mynstur,
- vinna með lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra,
- vinna með eðli ýmissa krafta og birtingamyndir þeirra í umhverfinu,
- skoða eiginleika ýmissa efna og hluta,
- velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- átta sig á rými, fjarlægðum og áttum.“

Úr þemahefti um námsmat í leikskólum

Sköpun og menning

„Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- nóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- kanna og vinna með margvíslegan efnivið,
- nýta fjölbreytta tækni,
- njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra,
- læra texta og taka þátt í söng,
- skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu,
- njóta fjölbreyttrar menningar og lista,
- taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.“

Úr þemahefti um námsmat í leikskólum

Í Holti er verið að skoða hvaða aðferðir eru bestar til að **skrá niður nám** barna og gera það sýnilegt. Verið er að prófa að setja upp skráningu í Book Creator í spjaldtölvum. Á yngstu deildunum er ljósmyndum og teikningum safnað í möppur.

Það er **samofið starfinu** að fylgja eftir áhuga og forvitni barnanna. **Skipulag leikskólans** er í samræmi við þann barnahóp sem dvelur þar hverju sinni. Börnin koma að **endurmati starfsins** að vori í samræmi við aldur og þroska.

Fyrir foreldraviðtöl er **félagsfærnilisti SFS** fylltur út fyrir hvert barn. Skimunartækið **EFI-2** er notað með öllum börnum 3 – 4 ára og **HLJÓM-2** með öllum börnum 5 – 6 ára. Með þessum skimunartækjum er verið að kanna hvort frávik séu í ákveðnum þáttum málþroskans þannig að hægt sé að grípa inn í með markvissri aðstoð.



Sérkennsla

Barnahópurinn er stór í Holti. Stundum þurfa börn **sérstakan stuðning** til að geta tekið **virkan þátt** í leikskólastarfinu. Lögð er áhersla á að vera með **snemmtæka íhlutun** og bregðast strax við.

Notuð eru viðeigandi **matstæki** í samráði við foreldra til að finna hvar styrkleikar og veikleikar liggja þannig að markviss vinna geti farið af stað.

Íslenski smábarnalistinn og **Íslenski þroksalistinn** er notaður í Holti. **TRAS** er skráningatæki sem einnig er nýtt þegar barn þarf stuðning.

Þjónustumiðstöð Breiðholts er með sérfræðiteymi sem veitir bæði kennurum og foreldrum **ráðgjöf**, ásamt því að sjá um nánari **greiningar**.

Markmiðið með stuðningi er alltaf að **styðja við barnið** þannig að það geti **tekið virkan þátt í leik og námi**.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „*Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna.*“

Foreldrar eru yfirleitt **lykilpersónur í lífi** barnsins. Virkt samstarf við foreldra er því mjög mikilvægt. Í Holti er lög áhersla á að foreldrar séu **ávallt velkomnir** í leikskólann. Í gegnum gott samstarf og samskipti við foreldra er **stutt við uppeldi og nám barnsins**. Það er leikskólans að taka fyrstu skrefin í samstarfi um hag og velferð barnsins.

Allir sem starfa í leikskólanum **skrifa undir þagnareyð** sem gildir ævilangt. Fullur trúnaður er um upplýsingar er varðar börnin og fjölskyldur þeirra.

Í leikskólanum þá er **þátttökuaðlögun** þar sem foreldri er með barni sínu í upphafi leikskólagöngu þess. Þannig er barnið undir handarjaðri foreldris að kynnast báðir aðilar þannig leikskólanum og leggja grunninn að góðu samstarfi við kennara.

Dagleg samskipti við foreldra eru mikilvæg og fara þau helst fram þegar barnið mætir í leikskólann og þegar foreldrar sækja það í lok dags. Þarna gefst tækifæri til að spjalla um líðan og upplifanir barnsins, bæði í leikskólanum og heima.

Foreldraviðtöl eru á hverju ári og oftast ef óskað er eftir því.

Foreldrafundir eru að hausti og er þá verið að kynna áherslur í vetrarstarfinu sem framundan er. Á þessum fundi er einnig foreldraráð og foreldrafélag kynnt og kosið í stjórnir.

Foreldraráð er kosið til eins árs í senn. Þeir sem sitja í því fyrir hönd foreldra eiga að gefa umsagnir um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar þær áætlanir er varða starfsemi leikskólans.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem heldur utan um ýmsar uppákomur sem foreldrar og börn taka þátt í.


Foreldrum er jafnframt **boðið á ýmsar uppákomur** sem eru af og til yfir árið s.s. foreldrakaffi, sumarhátíð og útskrift.





Addi bangsi skiptist á að fara heim með börnunum. Addi hefur með sér litla spjaldtölvu og eru foreldrar beðnir um að taka myndir eða myndbönd og jafnvel að skrifa smá um það sem Addi gerir með barninu. Í leikskólanum segir síðan barnið frá með aðstoð þess sem foreldrar skráðu.

Stjarna vikunnar er einnig samstarfsverkefni við foreldra. Það barn sem er stjarna vikunnar kemur með myndir, hlut og bók að heiman. Einnig býður það foreldrum sínum í morgunmat í leikskólanum.



27. Maí – 14. Júní.
Safari þema

Orðaforðabemi, bókstafur og málhjóðkerfisvitund/stærðfræði.

- í frumskólinum
- á Íslandi
- Hver á munurinn?
- Búa til safari verkefni
- Ferðalag: hvað þarf til
- Orðatiltæki: eiga langt í eitthvað
- Sérhjóðar
- Orðaforðabingó og orðaforðaspil
- Sérhjóðabema
- Stærðfræði: reikningur 3-4 ára, 3-5 ára, 5-6 ára.

Hugtök – Málskilningur – Málfræði

- Hugtakakerfi/ Processing Level [Program 1](#)
- Orðagull
- [Billsboard](#) (app)
- Lærum og leikum (app)



Sérhjóðar
segja nefndu eitt stjarna:
o, ó, e, é, í, í, o, ó, u,
ú, y, ý, æ, æ, ey, ou



Foreldrar eru hvattir til að **taka þátt í átaksverkefni** um að efla málþroska barnsins. Talmeinafræðingar skipuleggja ákveðin verkefni sem hvert um sig er til þriggja vikna. Á heimasíðu leikskólans eru verkefnin sýnileg þannig að foreldrar geta tekið þátt og þá hver á sínu móðurmáli.

Leikskólinn Holt tekur þátt í **foreldramorgnum** ásamt fleiri leikskólum og Borgarbókasafninu Gerðubergi. Allir foreldrar sem eru heima með börnin sín eru velkomnir á foreldramorgna.



Tengsl skólastiga

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskólans meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.“



Í gegnum verkefnið **Okkar mál** hefur verið mikil og góð **samvinna við Fellaskóla** og frístundaheimilið **Vinafell** í Fellaskóla.

Það sem felst í samstarfinu er meðal annars að talmeinafræðingar fylgja eftir **átaki í að efla málþroska** barna í Fellahverfi á báðum skólastigum. Unnið er með námsefnið **K-Pals** með elsta árgangi Holts og sú vinna heldur áfram í Fellaskóla. Jafnframt eru **heimsóknir á milli**

skólastiga þar sem börnin fara í **vorskóla** og heimsókn í **frístund**. Í Fellaskóla fá leikskólabörnin einnig að prófa smíðar, myndmennt og sauma.

Á **degi íslenskrar tungu** er hátíð í Fellaskóla og þar fá **leikskólabörnin að taka þátt** með því að vera með söngatriði.


Leikskólabörnunum er **boðið á helgileik** sem 6.bekkur Fellaskóla sýnir á hverju ári. Á eftir er svo boðið upp á söng og piparkökur.

Í tengslum við **Evrópska tungumáladaginn** koma nemendur úr 5.bekk í Fellaskóla og lesa fyrir öll leikskólabörnin.

Samstarfsáætlun var búin til í upphafi verkefnisins Okkar máls um ofangreind atriði og er hún endurskoðuð reglulega.

Elstu börn leikskólans fá **afnot af íþróttasal** Fellaskóla yfir veturinn.

Þegar elstu börn leikskólans **útskrifast** þá fer hátíðin fram í sal Fellaskóla. Haldin er útskriftarveisla þar sem foreldrar koma með veitingar og leikskólinn drykkjarföng.



Samstarfsaðilar

Það skiptir máli að börnin **þekki vel umhverfi sitt og samfélag** og viti hvað það hefur upp á að bjóða. Í gegnum verkefnið **Okkar mál** hafa samskipti innan nærumhverfis aukist enda er meginmarkmið þess að **auka samstarf** skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að **efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barnanna í hverfinu**.

Samstarf leikskólans við aðrar stofnanir og fyrirtæki eru oft í tengslum við ákveðin verkefni eða menningarviðburði og má þar helst nefna:

- **Borgarbókasafnið í Gerðubergi** sem tekur á móti leikskólabörnum í sögustundir
- **Sögubíllinn Æringi** kemur stundum í heimsókn
- **Menningarhúsið Gerðuberg** býður upp á ýmsar skemmtilegar sýningar og uppákomur fyrir leikskólabörn. Einnig hafa börnin sett upp myndlistasýningar þar
- **Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins** heimsækir elsta árgang leikskólans og fræðir þau um eldvarnir
- **Umferðaskólinn** er með umferðarfræðslu í hverfinu fyrir eldri börnin
- **Brúðubíllinn** mætir í Breiðholtið
- **Sinfóníuhljómsveit Íslands** býður á hverju ári elsta árgangi leikskólanna á tónleika
- **Tónskóli Sigursveins** er í samstarfi við fjölda leikskóla og meðal annars Holt og eru börnin að æfa yfir vetrarmánuðina söng sem er síðan fluttur í **Hörpu á Barnamenningarhátíð**
- Mjög misjafnt er á milli ára hvort farið sé í **Þjóðminjasafnið, Árbæjarsafnið, Sjóminjasafnið eða á Landnámssýninguna**. Það fer eftir áhuga barnanna og þeim viðfangsefnum sem er verið að vinna með
- **Listasöfn og önnur menningarsöfn** eru heimsótt og fer það eftir sýningum og áhuga barnanna hvert farið er hverju sinni

Í leikskólanum hafa fests í sessi **ýmsar hátíðir** og má meðal annars nefna:

- Sumarhátíð leikskólans
- Opin vika
- Jólahátíð
- Þorablót
- Foreldrakaffi
- Bolludagur
- Sprengidagur
- Öskudagur
- Útskrift elstu barnanna
- Bangsadagur, dótadagur, náttfatadagur, sitthvor sokka dagur



Í tengslum við þessar hátíðir er oft samstarf við aðrar aðila eins og til dæmis leikara eða aðra skemmtikrafta.

Mat á leikskólastarfinu

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmál eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.“

Innra mat

Yfir allt skólaárið er verið að meta mismunandi þætti skólastarfsins. Oft er um að ræða **óformlegt mat** á deildarfundum og deildarstjórafundum en það er skráð niður og umbætur gerðar strax ef þurfa þykir.

Eftirfarandi gát- og spurningalista ætlar Holt að nýta sér við að meta starf sitt:

- **Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030** er komin út og með henni fylgja **gátlistar** sem skólar geta nýtt sér. Í þeim er **viðmið** við hvern grundvallarpátt og **vísbendingar** sem benda til að unnið sé með viðkomandi þætti. Þarna er auðvelt fyrir skóla að meta sína stöðu og gera umbætur út frá því.
- Holt er þátttakandi í **Heilsueflandi leikskóli** og er í innleiðingaferlinu. Þar er unnið með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Mótuð hafa verið viðmið og fylgja **gátlistar** með til að endurmeta stöðuna.
- **Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérparfir** hefur gefið út **spurningalista** til að meta og ígrunda námsumhverfi leikskóla margbreytileikans með áherslu á félags-, náms- og efnislega þætti umhverfisins.

Verið er að þróa beina **þátttöku barna** í að endurmeta starf leikskólans. Ljósmyndir og myndbandsupptökur af leik og námi barna eru nýttar til að endurmeta starfið.

Foreldrar koma **beint og óbeint að mati** leikskólastarfsins. Í **daglegum samskiptum** og **foreldraviðtölum** koma oft ábendingar um hvað sé vel gert og hvað mætti betur fara. Einnig eru sendar **spurningar** með til foreldra þegar SFS sendir út foreldrakannanir. Foreldraráð les yfir áætlanir og metur þær.



Í **starfsáætlun** fyrir hvert skólaár er **matsáætlun**. Misjafnt er á milli ára hvað er verið að meta hverju sinni. Alltaf er þó mat á úrbótum á endurmati síðasta árs.

Ytra mat

Skóla- og frístundasvið hefur eftirlit með leikskólum Reykjavíkurborgar og er eftirlitið fólgið í því að kanna hvort skólarnir starfi samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerðum, aðalnámskrá leikskóla og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

SFS sendir út **spurningakannanir** sem lagðar eru fyrir foreldra og kennara. Á hverju ári fara nokkrir leikskólar í **heildarmat** og er þá verið að skoða allt sem viðkemur starfi leikskólans.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur einnig ytra mat á nokkrum skólum á ári sem staðsettir eru víðsvegar um landið.



Lokaorð

Í **starfsáætlun Holts**, sem gefin er út fyrir hvert skólaár, er **fjallað nánar** um starfsemi leikskólans, skóladagatal og hagnýtar upplýsingar. Fjallað er um innra og ytra mat og umbótaáætlun út frá því.

Ýmsar fleiri áætlanir eru gerðar sem tilheyra ákveðnum verkefnum sem leikskólinn er að vinna. Út frá stefnu SFS eru gerðar áætlanir eins og læsisáætlun og jafnréttisáætlun. Flestar áætlanir leikskólans má finna inn á heimasíðunni <http://holt.leikskolar.is>

Helstu **stuðningsrit** við gerð skólanámskrárinnar eru m.a.:

- Aðalnámskrá leikskóla
- Lög um leikskóla og reglugerðir
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (Umboðsmaður barna: <https://www.barn.is>)
- Þemahefti um námsmat í leikskólum
- Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030
- Menntastefna Rvk. – Gátlisti fyrir leikskóla
- Gefðu 10 Ekki bíða, byrjaðu strax!
- Heilsueflandi leikskóli - Gátlistar
- Ýmis vinnugögn frá Holti, s.s. starfsáætlanir, læsisáætlun, námsáætlanir, foreldrahandbók, starfsmannahandbók, ýmis gögn er varðar Okkar mál, punktar upp úr fundargerðum, ljósmyndir og teikningar, kannanir, gátlistar og heimasíðan



Ingibjörg E. Jónsdóttir, fyrrverandi leikskólastjóri, sá um uppsetningu á þessari skólanámskrá og úrvinnslu texta af vinnugögnum kennara og stuðningsritum.